



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 121

**Kristín Helgadóttir**

(1931)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) / [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

*Einkaskjalasafn nr. 121*

## Kristín Helgadóttir

(1. ágúst 1931)



Fjórar kynslóðir:

Hildur Margrétardóttir, Helga Margrét Reinharðsdóttir,  
Kristín Helgadóttir og Kristín Jónsdóttir.

***Börn Kristínar hafa óheftan aðgang að safninu, hins vegar þarf að hafa***

***samráð við Kristínu varðandi aðgang annarra.***

***Eftir hennar dag er hins vegar óheftur aðgangur að því.***

Kópavogi 1. desember 2009

Samkvæmt beiðni Borgarskjalasafns tek ég nú saman smáágrip um uppruna minn og æviskeið.

Þar er fyrst til að taka að ég, Kristín Helgadóttir er fædd á Akureyri 1. ágúst 1931.

Foreldrar mínir voru bæði Snæfellingar í framættir sínar.

Móðir mín Petrína Kristín Jónsdóttir fædd 13. ágúst 1909 var fædd á Búðum Snæfellsnesi. Hún fluttist til Hellna í kjölfar þess að hún missti föður sinn Jón Helgason, fæddur 31. október 1870, dáinn 10. júní 1912. Hann var sonur þeirra hjóna Helga Árnasonar óðalsbónda og hreppstjóra í Gíslabæ á Hellnum og konu hans Kristínar Grímsdóttur. Mamma ásamt móður sinni, Sveinbjörgu Pétursdóttur frá Malarrifi Snæfellsnesi, fluttist þá til Hellna og bjó í skjóli afa síns og ömmu, til fullorðinsára. Móðir hennar Sveinbjörg var fædd 19. janúar 1886, dáið 2. október 1938 á Siglufirði og hvílir þar í kirkjugarðinum. Á leiði hennar er sæbarinn steinn með áletruninni „Sveinbjörg Pétursdóttir 1886-1938“. Steinninn var sóttur í fjöru á Malarrifi og sendur til Reykjavíkur, þar sem hann var sandblásinn en síðan fluttur norður til Siglufjarðar. Jón bróðir meitlaði nafn ömmu Sveinbjargar í steininn. Faðir minn Helgi Thorberg Kristjánsson var fæddur 20. september 1904 í Ólafsvík. Móðir hans var Helga Ingibjörg Helgadóttir, Árnasonar frá Gíslabæ Hellnum, fædd 27. júní 1884, dáið 20. október 1904. Af þessu má sjá að foreldrar mínir voru systkinabörn. Faðir þabba var Kristján Kristjánsson fæddur 1873, dáinn 1944, bátasmiður í Ólafsvík. Foreldrar hans voru Kristján Gíslason bóndi í Ytra-Skógarnesi Miklaholtshreppi Snæfellsnesi og eiginkona hans Jóhanna Gísladóttir frá Arnarstapa. Foreldrar mínir gengu í hjónaband 11. október 1930 á Akureyri. Voru gefin saman af Sr. Friðriki J. Rafnar síðar vígslubiskupi. Við systkinin 4 erum öll fædd á Akureyri.

Ég fór ung í sveit. 5 ára gömul kom ég fyrst til dvalar á Staðarhóli í Öngulstaðahreppi hjá hjónunum Garðari Sigurgeirssyni (frá Öngulstöðum) og konu hans Krístrúnu Sigurðar- dóttur. Reyndist mér það hið mesta gæfuspor, enda var ég þar öll sumur þaðan í frá til 14 ára aldurs. Veturinn sem ég var 12 ára fékk ég leyfi foreldra minna til að vera næsta vetur í farskóla hreppsins, en mig langaði til þess að vita hvernig mér þætti að vera vetrarlangt í „sveitaskóla“. Skólinn var á bænum (Staðarhóli) og kennt var hálfan mánuð í senn. Síðan fór kennarinn á aðra bæi til kennslu, en setti okkur fyrir á meðan. Foreldrar mínir fluttust til Siglufjarðar árið 1938. Þá var síldarútvegur mikill á Siglufirði og faðir minn vélstjóri á bátum frá Akureyri. Þótti foreldrum mínum sem betur myndi fjölskyldunni vegna þar sem atvinna var nóg, og faðir minn ætti meiri möguleika á að hitta fjölskylduna á Siglufirði en þurfa að sigla inn til Akureyrar sem var mikið lengri leið frá miðunum. Ég gekk því í barnaskólann á Siglufirði. En var á Staðarhóli á sumrum. Ég fermdist þann 20. maí 1945 af Sr. Óskari J. Þorlákssyni. Gekk svo í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar sem þá var í húsnæði á lofti kirkjunnar en enginn skóli var þá í Siglufirði annar en barnaskólinn.

Til Reykjavíkur fluttist fjölskyldan 1952. Þá var ég búin að eignast dóttur okkar hjóna, en hún fæddist 24. mars 1949. Var skírð af Sr. Óskari og heitir Helga Margrét. Þabbi hennar fór í

siglingar um þetta leiti og hittumst við lítið, en tókum upp samband á ný og giftum okkur 1. febrúar 1955. Settumst að í Kópavogi sem þá varð kaupstaður á því sama ári. Til Ólafsvíkur fluttumst við haustið 1960. En 19. mars sama ár eignuðumst við son Reinharð Vilhelm. Hann var skírður af Sr. Óskari sem fyrr. Í Ólafsvík bjuggum við frá hausti 1960 til sumarsins 1964 að við fluttum aftur til Kópavogs. Þá fór maðurinn minn að sigla hjá Eimskip og var bæði á Lagarfossi og Reykjafossi sem bátsmaður. 1979 keyptum við íbúð á Bræðraborgarstíg 18 og bjuggum þar til 1994. 1991 festum við kaup á litlu raðhúsi á Spáni. Það stóð 6 km frá bænum Torrevieja, sem er á austurströnd Spánar, klukkustundar akstur frá borginni Alicante. Þangað fórum við næstu ár í fríum, en 1994 hættum við bæði að vinna og fluttum að mestu leyti til Spánar. Komum heim í maílok og út í byrjun september. Seldum íbúðina á Bræðraborgarstíg en keyptum 2 herbergja íbúð á Boðagranda 7. Hana leigðum við skólafólki í HÍ á veturna allt til ársins 2005 að við seldum íbúðina á Boðagranda og fluttum okkur í Dvergabakka 2.

En nú erum við komin hingað í Lækjarsmára 96 og unum okkur vel. Hér eru gönguleiðir um Kópavogsdalinn sem gaman er að ganga um. Mikill gróður og fjölbreytt dýralíf. Stutt í alla aðdrætti og sonur okkar býr skammt frá okkur með sín börn. Dóttir okkar býr ennfremur hér í Kópavogi, svo við höfum ánægju af að geta verið samvistum við þau.

Þó ég hafi farið fljótt yfir sögu, vona ég að þessi skrif varpi ljósi á uppruna minn og lífsferil.

Kristín Helgadóttir

Mynd á forsiðu:

Talið frá vinstri: Hildur Margrétardóttir fædd 12. mars 1968, Helga Margrét Reinharðsdóttir fædd 24. mars 1949, Kristín Helgadóttir fædd 1. ágúst 1931 og Kristín Jónsdóttir fædd 13. ágúst 1909.

Sjá einnig E-160: Kristín Jónsdóttir.

Sjá einnig E-340: Guðmundur Kristjánsson.

Kristín afhendir Sigríði H. Jörundsdóttur safnið 4. ágúst 1998, askja 1-3.

Kristín kom með viðbót við safnið í júní 2002 og júlí og ágúst 2007, askja 4-9.

Gréta B. Sörens dóttir sótti viðbót við safnið til Kristínar 29. október 2009, askja 10-14.

Gréta B. Sörens dóttir sótti viðbót við safnið til Kristínar 13. janúar 2010, askja 15.

## Skjalaskrá

### Askja 1.

Leikskrár frá Þjóðleikhúsinu, 4, 6-8, 10-11, 13-14, 19-23, 25-32 og 36 leikár.

### Askja 2.

Gunnlaugur Björnsson „Hólar í Hjaltadal”.

Kristján Eldjárn „Um Hólakirkju”, 1950.

Leikskrár frá Þjóðleikhúsinu 35 og 37. leikár.

Leikskrá frá Leikfélagi Reykjavíkur 61-62, 67-68, 71-79, 83-89. leikár.

Skálholtshátíðin 1. júlí 1956.

Þjóðhátíðin í Reykjavík 17. júní 1957.

Þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974 o.fl.

### Askja 3.

Bíóprógröm.

Boðsmiðar á listasýningar.

Ferðabæklingar: Sunnuferðir, Ferðaáætlun m/s Gullfoss 1973, Ferðaskrifstofan Lönd og Leiðir 1963.

Heimilið 1973 - sýningarskrá.

Húsbúnaðar og heimilistækjabæklingar ca. 1970-1975.

Leiðabók SVR 1961(?).

Sýningarskrár 1959-1992.

Tímaritið Leikhúsmál, 3. tbl., 1. árg. 1963.

Viðskiptabókin 1969 (útfyllt).

Ýmsar leikskrár, m.a. frá Kópavogi og fleiri stöðum utan Reykjavíkur.

Skráð: Sigríður H. Jörundsdóttir

### Askja 4

Bréf pökkuð og merkt frá Reinharði Sigurðssyni (Harry) eiginmanni Kristínar til hennar 1948-1968.

### Askja 5

Bréf pökkuð og merkt frá Reinharði Sigurðssyni (Harry) eiginmanni Kristínar til hennar 1965-1974.

### Askja 6

Bréf pökkuð og merkt frá Kristínu til Reinharðs Sigurðssonar (Harry) eiginmanns hennar 1949-1969.

Póstkort áárituð.

### Askja 7

Bréf pökkuð og merkt frá Kristínu til Reinharðs Sigurðssonar (Harry) eiginmanns hennar 1951-1969.

Vegabréf þeirra hjóna frá ýmsum tímabilum.

Kort frá því að Valbjörn Þorláksson stangastökkvari, tengdabróðir Kristínar og hálfbróðir Reinharðs keppti á Olympíuleikunum í Tokyo 1964.

Auglýsingablað frá Samtökum kvenna á vinnumarkaðnum dags. 24. okt. 1985.

3 útprentanir á Moresfréttaskeytum til íslenskra skipa frá fréttastofu Ríkisútvarpsins frá árunum 1968, 1971 og 1973.

### Askja 8

Heillaóskaskeyti til Kristínar 1981. Heillaóskakort.

Einkunnir, sundskírteini.

Gögn varðandi starfsveitingu.

Gögn varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur til Reinharðs Sigurðssonar.

Atvinnuvottorð, sjóferðabók, Medlemsbog, nafnspjöld o.fl.

Póstkort frá Harry til móður hans Ástu Júlíusdóttur.

Boðskort vegna 75 ára afmælis Pfaff.

Boðskort og sönghefti með myndum í tilefni af 50 ára hjúskaparafmælis Kristínar og Reinharðs.

Heimilisbókhald frá því að þau hjón bjuggu í Ólafsvík (1960-1964).

3 bréf frá Sigu og Harry dags. Á tímabilinu 1994-1995.

Boðskort til Reinharðs Reinharðssonar frá forseta Íslands (áramót 2000-2007).

Kort og jólakveðjur.

Hljómdiskur með lögum spiluðum í gullbrúðkaupi þeirra hjóna.

### Askja 9

Heimilisbókhald 1994-1998 frá dvöl þeirra Kristínar og Reinharðs á Spáni. Þau keyptu hús á Spáni Torrevieja 1991 og dvöldu þar til 2005, að vetrarlagi.

Skjöl varðandi Reinharð:

Bréf frá Ræðismanni Íslands í New York dags. 6. apríl 1949.

Bréf frá Sendiráði Íslands í Washington dags. 6. júní 1949.

Bréf varðandi fargjald fyrir Reinharð til Íslands 9. október 1951.

Læknisvottorð dags. 27. ágúst 1958.

Prófskírteini frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 15. janúar 1959.

Skipstjóraskírteini á fiskibátum dags. 12. nóvember 1959.

Staðfestingar um störf á skipum: 11. júlí 1984, 9. apríl 1985, 26. ágúst 1986, 1. september 1986.

Tvær ljósmyndir af skipum: Vretaholm og Granville.

Úrklippa úr dagblöðum:

Frétt um banaslys bróður Reinharðs, Rafns Sigurðssonar.

Minningarljóð um Rafn Sigurðsson en á úrklippuna er skrifað: „Eftir Valgerði föðursystur þína“.

Sjúkrasamlagsskírteini fyrir Kristínu Helgadóttur, dagsett 4. október 1954.

Bréf frá tengdadóttur þeirra hjóna dagsett 9. desember 1995.

Prentað mál:

Verkfallsbrjóturinn dagsett 13. desember 1971.

V.R. blaðið dagsett 1. desember 1980.

Dagskrá árshátíðar Starfsmannafélags Eimskips 1988.

Sýningarskrá: *Hallbjörg Bjarnadóttur & Fisher* í Ásmundarsal 1986.

Sýningarskrá: *Sverrir Haraldsson, Myndir 1942-1973*; sýning að Kjarvalsstöðum 1973.

Þjóðhátíð í Kópavogi, dagskrá 11 alda búsetu, 1974.

200 ára afmæli Reykjavíkur, dagskrá og upplýsingar, 18. ágúst 1986.

Plakat varðandi Flatkökuhátíð á H. Holli þann 29. október 1977.

Skráð í júní-ágúst og október 2007/Elín Þórðardóttir

### **Askja 10**

Dagbókarbrot Kristínar Helgadóttur á ferðum með Lagarfossi og Reykjafossi 1966-1971 og dagbók Kristínar Helgadóttur 1975.

Dagbækur Kristínar Helgadóttur 1998, 1999 og 2000

Dagbækur Kristínar Helgadóttur 2004-2008.

### **Örk 1**

Bréf Vigdísar Finnbogadóttur til Reinharðs 27. janúar 1995.

Bréf Kristínar Helgadóttur til Vigdísar Finnbogadóttur 10. og 24. janúar 1996.

Kort frá Vilborgu G. Kristjánsdóttur, ritara Vigdísar Finnbogadóttur, 17. janúar 1996.

Ljóð.

*Gamlar geðveikisbakteriur*. Sigurður Zeto (hálfbróðir Reinharðs) 1954, bæklingur.

### **Askja 11**

Dagbækur, Spánn- Ísland, 1991-1994. Dagbækur, Spánn- Ísland, 1994-1998.

### **Askja 12**

Dagbækur, Spánn- Ísland, 1998-2002.

### **Askja 13**

Dagbækur, Spánn- Ísland, 2002-2006.

### **Askja 14**

Gestabók 1962-1975.

Gestabækur, 1975-1983 og 1983-2008.

Gestabók 1984-1994, kápan er útsaumuð eftir Kristínu Jónsdóttur.

Skráð í desember 2009  
Gréta Björg Sörensdóttir

## Askja 15

### Örk 1

Handskrifaður formáli Kristínar að skjalaskránni 2009.

Ljósritaðar greinar úr dagblöðum vegna strands skonortunnar Trinite frá Malmö 1947 og björgun manna. Reinharð Sigurðsson var einn þeirra sem komst lífs af.

Símbréf (telex) send frá Spáni árin 1994-1998. Móttakendur: „Börnín mín, Helga Margrét og Reinharð Vilhelm Reinharðsbörn“

Skráð í mars 2010  
Gréta Björg Sörensdóttir